



Áveitan

5. tbl. 16. árgangur. Maí 2022

Fjör í Flóa

Velkomin
í Flóahrepp **13. - 14. MAÍ**

**HLÖKKUM TIL AÐ
SJÁ YKKUR**

Íbúar í Flóahreppi bjóða gesti velkomna
á þessa stórskemmtilegu fjölskyldu- og
menningarhátíð sem er stúf full af skemmtun

Nánari upplýsingar
á floahreppur.is
&
á Facebook og Instagram
Fjör í Flóa

FLÓAHREPPUR

UMF ÞJÓTANDI

KVENFÉLÖGIN Í FLÓAHREPPI

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Vorið heilsar okkur með einstakri veðurbliðu sem er kærkomin eftir rysjóttan og stormasaman vetur. Bændur eru önnum kafnir við áburðargjöf, endurræktun og sáningu, sauðburður að hefjast og skólafólk farið að sjá fyrir endann á vorönn.



Umhverfismál eru íbúum í Flóahreppi alltaf hugleikin og „Stóri plokkdagurinn“ var haldinn hátíðlegur með grilli og samveru í Skagási, skógræktarreitnum fallega. Flóahreppur þakkar atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps fyrir að draga vagninn og halda utanum þennan viðburð og gestum kærlega fyrir komuna.

Umhverfisátak verður í lok maí eins og verið hefur. Dagana 23. – 30. maí verða gámar á söfnunarsvæðum fyrir flokkað timbur og járn. Staðsetning þeirra verður auglýst á vefmiðlum þegar nær dregur. Minnt er á að vönduð flokkun er forsenda fyrir því að halda niðri kostnaði við að koma frá sér því sem ekki á að nota lengur. Móttökustöð Íslenska Gámafélagsins í Hrísmýri tekur á móti efnivið til förgunar og endurvinnslu íbúum í Flóahreppi að kostnaðarlausu.

Stefnt er að „Fjóri í Flóa“ 13. og 14. maí næstkomandi og er menningarnefnd Flóahrepps, ásamt félögum í Þjótanda og kvenfélögum að vinna að undirbúningi hátíðarinnar. Dagskráin sem er fjölbreytt að vanda verður nánar auglýst á vefmiðlum.

Kosningar til sveitarstjórnar verða 14. maí og verður kosið í Félagslundu. Kjörstaður er opinn frá klukkan 10:00 til klukkan 22:00. Kjósendur eru minntir á að taka með sér persónuskilríki.

Vinnuskóli Flóahrepps hefst þriðjudaginn 7. júní. Ingibjörg Hugrún Jóhannesdóttir hefur verið ráðin flokkstjóri og Margét María Ágústsdóttir sem aðstoðarflokkstjóri. Þær munu ásamt umsjónarmanni fasteigna senda umsækjendum nánari upplýsingar um það hvar á að mæta þegar það liggur fyrir. Flóahreppur býður Ingibjörgu Hugrúnu og Margréti Maríu velkomnar aftur til starfa.

Umsóknarfrestur um störf í vinnuskóla Flóahrepps rennur út 10. maí.

Aðeins ein umsókn barst um stöðu leikskólastjóra í Krakkaborg frá Söru Guðjónsdóttur. Fyrirtækið „Fast ráðningar“ sá um auglýsingaferli og viðtöl og skilaði mati að því loknu. Fræðslunefnd og sveitarstjórn munu fjalla um umsóknina, taka afstöðu og niðurstaða birtast í fundargerðum og á vefmiðlum.

Síðari umræða um ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2021 verður á 261 fundi sveitarstjórnarinnar þriðjudaginn 3. maí 2022 og verður hann birtur ásamt öðrum fundargögnum á heimasíðu Flóahrepps að loknum fundi. Ljóst er að um 18 millj. kr. halli verður samanlagt á rekstri A og B hluta. Þar vegur þyngst og ekki gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins, hækkun á framlögum til Berggrisa vegna málaflokks fatlaðra sem ekki komu fram fyrr en við frágang ársreiknings, rúmlega 11 milljónir kr. Ófyrirséð hækkun á framlögum til félagsþjónustu. Hækkun á framlögum til úrgangsmála þrátt fyrir að íbúar séu stöðugt að bæta árangur sinn í flokkun á endurvinnsluefnum sem vegur á móti auknum kostnaði við afsetningu á úrgangi. Samkomulag sveitarfélaganna sem reka Seyrustaði um kostnaðarskiptingu leiddu einnig af sér aukinn kostnað vegna afsetningar á seyru. Mögulega kemur það til baka ef sala á þjónustu til annarra aðila sem ekki eru aðilar að verkefninu skilar auknum tekjum. Samþykkt framlög til annarra sveitarfélaga vegna námsvistar kölluðu einnig á aukin útgjöld fyrir sveitarsjóð og aukning lífeyrisskuldbindinga vegna útreikninga tryggingarstærðfræðinga á hækkunum lífaldri. Þessi niðurstaða leiðir til þess að handbært fé í árslok er 200,6 milljónir og hefur lækkað um 4,8 milljónir frá fyrra ári. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 - 2025 verður endurskoðuð með tilliti til þessarar niðurstöðu. Þetta er ekki óska niðurstaða en engu að síður staðreynd. Auk þessa sem upptalið er hér fyrir framan er rétt að benda á að á árinu samþykkti sveitarstjórn að fella niður leikskólagjöld á þeim tíma sem „Covid“ torvelaði fulla mætingu í leikskóla, meiri forföll voru hjá starfsmönnum en í meðalári, stytting vinnuvikunnar kallaði á aukna yfirvinnu, og af því skapaðist aukinn launakostnaður ásamt því að helgarbókanir í félagsheimili nánast þurrkuðust út í 8 mánuði.

En við horfum bjartsýn á framhaldið. Skatttekjur aukast í takt við launahækkanir og uppbygging á svæðinu eykur tekjur af fasteignagjöldum á næstu árum.

Samfélagið er nú óðum að losna úr hömlum síðustu tveggja ára og þá þarf að „spýta í lófana“ njóta þess að ekki eru takmarkanir á samskiptum, halda vel á málum og rýna vel alla útgjaldaliði samhliða þeirri uppbyggingu sem framundan er á næsta kjörtímabili. Fjármagni hefur verið úthlutað í 4 ára fjárhagsáætlun til myndarlegrar uppbyggingar á skólamannvirkjum við Flóaskóla. Nauðsynlegt er að forgangsraða rétt og nýta hverja krónu vel.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Frá Flóaskóla

Stóra upplestrarkeppnin er árlegur viðburður en þar koma saman nemendur í 7. bekk og lesa upp texta og ljóð. Upplestrarkeppnin er ekki keppni í eiginlegum skilningi en markmið hennar er að leggja rækt við vandaðan upplestur og framburð.

Keppnin hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur á vormánuðum. Undankeppnin í Flóaskóla fór fram þann 7. apríl síðastliðinn í Þjórsárveri en þar voru þrír nemendur valdir til áframhaldandi þátttöku.

Fulltrúar Flóaskóla voru þær Huguína Svála Guðjónsdóttir, Karólína Þórbergsdóttir, Magnea Bragadóttir og Tumi Svansson var til vara. Lokakeppnin var svo haldin þann 26. apríl en þar komu saman nemendur frá Flóaskóla, Flúðaskóla og Þjórsárskóla. Keppendur höfðu allir lagt sig fram við æfingar og stóðu sig öll með þryði. Svo fór að Karólína lenti í öðru sæti í lokakeppninni.



Karólína Þórbergsdóttir, Magnea Bragadóttir og Huguína Svála Guðjónsdóttir ásamt Eydísi Indriðadóttur, sveitarstjóra.

Í vetur hefur hópur nemenda á eldra stigi skólans verið að undirbúa sig fyrir Skólahreysti en það er liðakeppni milli grunnskóla landsins þar sem keppt er í upphífungum, dýfum, armbeygjum, hreystigreip og hraðabraut. Vinsældir keppinnar hefur aukist ár frá ári svo nauðsynlegt er að viðhafa undankeppnir til að ákvarða hvaða skólar keppi í úrslitakeppninni sjálfri en í ár voru undanriðlarnir 7 talsins.

Örvar Rafn Hlíðdal íþróttakennari hefur séð um þjálfun og annan undirbúning fyrir keppnina ásamt því að byggja upp einstaklega góðan liðsanda.

Lið Flóaskóla skipa þau Þórunn Ólafsdóttir, Auðunn Ingi Davíðsson, Viðar Rafn Victorsson og Hanna Dóra Höskuldsdóttir. Varmenn eru Oddur Olav Davíðsson og Jóhanna Sól Pálmadóttir. Lið Flóaskóli gerði sér lítið fyrir og vann sinn riðil og er þar með komið í sjálfa úrslitakeppnina.

Við hvetjum alla íbúa Flóahrepps að mæta í Laugardalshöll 21. maí n.k. og hvetja þessi stórmögnuðu ungmenni. Ef einhverjir eiga ekki heimangengt þá er einnig hægt að fylgjast með keppninni í beinni á RÚV.



Oddur Olav, Viðar Hrafn, Auðunn Ingi, Hanna Dóra, Þórunn og Jóhanna Sól ásamt Örvari þjálfara

Ýmislegt frá Umf. Þjótanda:

Leikjanámskeið

Þjótandi stendur fyrir tveggja vikna leikjanámskeiði dagana 20.-30. júní, frá kl 8:30-11:00. Námskeiðið er ætlað fyrir krakka sem eru að ljúka 1.-6. bekk. Athugið að námskeiðið verður að þessu sinni seinna að sumrinu en undanfarin ár. Kennarar verða Örvar og Unnur. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Flóahlaupið

var haldið 9. apríl. Keppendur voru 54 talsins og hlupu flestir 10 km eða Vorsabæjarhringinn. Eftir hlaup var boðið upp á kaffiveitingar í Félagslund. Styrktaraðilum hlaupsins er þakkað þeirra framlag, en þeir eru Kjörís, AB skálinn, Set, BYKO, Vörðufell, HP, Nettó, Fossdekk, TM, VÍS, Flóahreppur, Lögmansstofa Ólafs Björnssonar og MS. Einnig þökkum við öllum þeim sem bökuðu fyrir okkur eða lögðu hönd á plóg með öðrum hætti.

Endurnýtum og spörum

Þjótandi hefur hrint af stað nýju verkefni sem stuðlar að endurnýtingu og minni sóun. Við ætlum að bjóða fólki að afhenda okkur gamla verðlaunapeninga sem safna ryki á mörgum heimilum. Við munum merkja þá uppá nýtt og nota þá í Víðavangshlaupi Þjótanda næstu árin. Við byrjuðum aðeins á þessu verkefni í hlaupinu í ár og þótti vel takast til. Þeir sem vilja gefa félaginu gamla peninga geta haft samband við einhvern úr stjórninni eða í gegnum Facebook síðuna okkar.

Fjör í Flóa

Félagið verður með pylsusölu kringum hádegið á Fjöri í Flóa þann 14. maí. Einnig munu ungmennafélagar bjóða krökkum upp á andlitsmálningu þann dag. Kl 12:15 hefst svo

Kökuskreytingakeppni Þjótanda 2022, sem er spennandi keppni fyrir krakka. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag og skráningu birtast mjög fljóttlega. Ekki missa af Fjörinu!

Skíðaferð og páskabingó

Félagið stóð fyrir tveimur skemmtilegum viðburðum fyrir páska.

Páskabingóið var haldið 8. apríl og var afar fjölmennt og vel heppnað. Þá var farið í skíðaferð 12. apríl en félagið bauð upp á ókeypis rútu í Bláfjöll og voru milli 30 og 40 manns sem mættu og skíðuðu í blíðskaparveðri. Frábær ferð.

Glímuæfingum er lokið

Glímuæfingum er lokið á þessum vetri. Góður vetur að baki í glímunni.

Æfingar í sumar

Nú erum við byrjuð að skipuleggja sumarstarfið. Kvöldæfingar fyrir 1.-7. bekk verða á miðvikudögum og hefjast 8. júní, verða betur kynntar þegar nær dregur. Einnig stefnum við á að vera með leikjakvöld fyrir unglinga eins og undanfarin ár.

Stjórn Þjótanda óskar öllum lesendum Áveitunnar gleðilegs sumars!

RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf
í umhverfis-
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

Víðavangshlaup - úrslit

Víðavangshlaup Umf Þjótanda fór fram á sumardaginn fyrsta, 21. apríl sl. Veðurguðirnir léku við keppendur og tókst hlaupið í alla staði mjög vel. Hlaupin var ný braut á bökkum Þjórsár og er landeigendum kærlega þakkað fyrir afnotin.

Úrslit urðu þessi:

1.	Hjálmar Vilhelm Rúnarsson	2008	06:09
2.	Kristófer Máni Andrason	2010	06:39
3.	Helgi Reynisson	2008	06:42
4.	Karólína Þórbergisdóttir	2009	07:03
5.	Örvar Rafn Hlíðdal	1984	07:12
6.	Axel Páll Einarsson	1987	07:18
7.	Arnar Alex Reynisson	2014	07:33
8.	Arnór Leví Sigmarsson	2007	07:34
9.	Bjarki Rafn Reynisson	2010	07:35
10.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	2015	07:44
11.	Lilja María Axelsdóttir	2012	08:15
12.	Jetta Hanning	2002	08:15
13.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	2009	08:55
14.	Einar Hörður Haraldsson	2015	10:01
15.	Matthilda Sigurðardóttir	2013	10:01
16.	Valgerður Björk Hlíðdal	2014	10:15
17.	Kristján Þórarinn Andrason	2016	10:15
18.	Hulda Kristjánsdóttir	1984	10:15
19.	Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2012	10:20
20.	Kristín Lilja Sigurjónsdóttir	1997	10:20
21.	Andrea Björk Olgeirsdóttir	1994	10:20
22.	Elísabet Thorsteinsson	1991	10:28
23.	Guðmundur Bjarki Axelsson	2021	10:28
24.	Kristján Reynisson	2012	10:30
25.	Ottó Ingi Annýjarson	2012	10:45
26.	Páll Axel Axelsson	2014	10:47
27.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2015	10:59
28.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	1983	11:00
29.	Ragnhildur Sara Andradóttir	2014	11:14
30.	Már Óskar Bjarnason	2010	11:47
31.	Lilja Reynisdóttir	2015	11:48
32.	Thelma Dröfn Ásmundardóttir	1985	11:49
33.	Reynir Þór Jónsson	1981	12:03
34.	Anný Ingimarsdóttir	1968	12:08
35.	Egill Ingi Nielsen Jakobsson	2011	12:10

36.	Ásta Björg Jónsdóttir	2010	12:10
37.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	2010	12:16
38.	Jón Valgeir Geirsson	1975	12:19
39.	Ernir Kristberg Nielsen Jakobs.	2018	12:19
40.	Jakob Nielsen Kristjánsson	1986	12:19
41.	Albert Hellsten Högnason	2010	12:25
42.	Bergþóra Dögg Þórbergsdóttir	2011	12:25
43.	Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2014	12:37
44.	Örn Þorsteinsson	1948	13:04
45.	Sveinn Orri Einarsson	1996	13:26
46.	Dagbjört Ísafold Sveinsdóttir	2021	13:26
47.	Þorsteinn Logi Einarsson	1982	13:33
48.	Hermundur Karl Þorsteinsson	2018	13:33
49.	Brynjar Úlfur Halldórsson	2021	13:40
50.	Halldór Bjarnason	1996	13:40
51.	Kristín Stefánsdóttir	1948	13:40
52.	Bjarki Reynisson	1945	13:47
53.	Einar Hermundsson	1955	13:51
54.	Ingi Lilja Haraldsdóttir	2018	14:24
55.	Haraldur Einarsson	1987	14:24
56.	Birna Harðardóttir	1989	14:24
57.	Þórbergur Hrafn Ólafsson	1980	14:40
58.	Þórhildur Mía Þórbergsdóttir	2020	14:40
59.	Íris Harpa Kristinsdóttir	2016	15:30
60.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	2013	15:49
61.	Erla Björg Aðalsteinsdóttir	1987	15:49
62.	Kristrún Jónsdóttir	1991	16:28
63.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	1960	16:28
64.	Smári Kristinn Jónsson	2020	16:28
65.	Jón Örn Albersson	1981	16:28
66.	Viðar Ófeigsson	1958	16:31
67.	Aðalsteinn Sveinsson	1959	16:34
68.	Birnir Þór Hlíðdal	2019	17:02
69.	Unnur Bjarkadóttir	1986	17:02
70.	Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir	1984	17:02
71.	Ævar Örn Einarsson	2003	17:18
72.	Einar Hjálmarsson	1978	17:20
73.	Kristín Marí Þorsteinsdóttir	2021	18:25
74.	Cathy Krentel	1990	18:25
75.	Laufey Árnadóttir	2006	18:46
76.	Sólveig Þórðardóttir	1967	18:49

Frá Sónarnefnd Hraungerðiskirkju

Aðalsafnaðarfundur Hraungerðiskirkju verður haldinn í Gistiheimilinu Lambastöðum 24. maí n.k. kl 17:00

Fundarefni:

Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.

Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár.

Kosning tveggja skoðunarmanna.

Kosning sóknarnefndar.

Önnur mál.

F.h. sóknarnefndar, Svanhvít Hermannsdóttir

Tek að mér áburðardreifingu með tölvustýrðum GPS áburðardreyfara. Tek einnig að mér slátt, 7 metra vinnslu breidd, ásamt annarri verktöku.

Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Victor Örn S. 789-7675



Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju verður haldin þriðjudaginn 24. maí nk. kl. 20:30 í Gaulverjabæjarkirkju. Venjuleg aðalfundarstörf m.a. verður kosið um einn varamann í sóknarnefnd. Er ekki einhverjir áhugasamir sem gefa kost á sér, nánari upplýsingar veitir formaður sóknarnefndar Anný Ingimarsdóttir, annyingimars@gmail.com

Sóknarnefnd

Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Stefnt er að því að halda vinnukvöld upp í Skagás 19. maí nk. kl 19:30. Stefnt að því að klára að stika upp gönguleiðir og grisja sé þess þörf þar sem leiðin liggur um. Öll hjálp er vel þegin og eins og allir vita þá vinna margar hendur létt verk. Möguleiki er á að vinnukvöld verði fleiri og þá boðuð með styttri fyrirvara á Facebooksíðu félagsins. Skógarganga er áætluð 21. júní, mælum með því að þið takið daginn frá. Stað- og tímasetning verður auglýst þegar nær dregur. Göngurnar hafa verið mjög skemmtilegar síðustu ár og hvetjum við alla til að vera með, miðað er við að gangan henti fjölbreyttum aldurshópum.

Afmælishátíð (sem átti að halda í fyrra) verður haldin 16. ágúst.

Tímasetning og dagskrá auglýst þegar nær dregur

Hvetjum ykkur til að merkja daganna inn á dagatalið og vera með. Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um veður. Hægt verður að nálgast nánari upplýsingar um viðburðina á Facebooksíðu félagsins eða í síma 849-0502 (Erla).

Facebook síða félagsins heitir Skógræktarfélag Villingaholtshrepps, þar er að finna t.d. tilkynningar, spjall félagsmanna og fundargerðir.

Stjórnin

Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps 2022

Gleðilegt sumar öll.

Hér má sjá tækjalista ársins 2022.

Munið að skila tækjunum strax eftir notkun **hreinum og smurðum**.

Bændur eru hvattir til að leigja tæki óháð félagsaðild eins og undanfarin ár.

Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s: 898-0929

Flaghefill	2.000 kr/dag
Staurabor	5.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt
Sturtuvagn	20.000 kr/dag
Loftunarherfi	2.100 kr/klst
Hnífatætari	2.100 kr/klst
Múgvendir	1.300 kr/klst

Tæki í umsjón Kristins í Kolsholti, s: 869-7625

Sáðvél	3.000 kr/ha
Pinnatætari	3.500 kr/ha
Valtari	2.400 kr/ha
4skera vendiplógur	4.000 kr/ha
Packer	1.200 kr/ha

Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s: 848-8604

Haugsuga minni	20.000 kr/dag
Haugsuga stærri	25.000 kr/dag
Plógur 5skera	4.000 kr/ha
Hagasláttuvél	2.400 kr/klst
Steypuhrærivél	6.200 kr/dag

Stjórn Búnaðarfélags Villingaholtshrepps



Úrslit móta vor 2022

Héraðsmót HSK 22.mars 2022

Frjálsíþróttahöll Selfoss

Karlaflokkur

60m hlaup

9.sæti 9,22 Helgi Reynisson

Langstökk

7.sæti 4,26 Helgi Reynisson

Kvennaflokkur

60m hlaup

11.sæti 9.10 Bryndís Eva Óskarsdóttir

60m grindarhlaup

3.sæti 1.55 Bryndís Eva Óskarsdóttir

Kúluvarp 4kg

4.sæti 10,05 Bryndís Eva Óskarsdóttir

Aldursflokkamót HSK 2. - 3. mars 2022

Frjálsíþróttahöll Selfoss.

Þjótandi átti 13 keppendur og endaði í öðru sæti í heildarstigakeppni með 148,5 stig

Piltar 14 ára

60m hlaup

3.sæti 9,12 Helgi Reynisson

Langstökk

2.sæti 4,66 Helgi Reynisson

Kúluvarp

4.sæti 6,40 Helgi Reynisson

Hástökk

3.sæti 1.40 Helgi Reynisson

Piltar 13 ára

Langstökk

2.sæti 2,86 Þórarinn Óskar Ingvarsson

Hástökk

2.sæti 0,90 Þórarinn Óskar Ingvarsson

Stúlkur 12 ára

60m hlaup

3.sæti 9,99 Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir

7.sæti 10,66 Rán Ægisdóttir

Kúluvarp		
1.sæti	8,33	Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir
Langstökk		
4.sæti	3,52	Rán Ægisdóttir

Piltar 12 ára

60m hlaup

1.sæti	9,36	Bjarki Rafn Reynisson
2.sæti	10,11	Kristófer Máni Andrason
3.sæti	10,27	Guðni Bóas Davíðsson
5.sæti	11,09	Már Óskar Bjarnason
6.sæti	11,30	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson
7.sæti	11,44	Styrkár Freyr Birgisson
8.sæti	12,83	Albert Hellsten Högnason

Langstökk

1. sæti	4,37	Bjarki Rafn Reynisson
2. sæti	3,77	Már Óskar Bjarnason
3.sæti	3,68	Guðni Bóas Davíðsson
4.sæti	3,44	Kristófer Máni Andrason
6.sæti	2,33	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson
7.sæti	2,21	Albert Hellsten Högnason
8.sæti	1,95	Styrkár Freyr Birgisson

Hástökk

1.sæti	1,30	Bjarki Rafn Reynisson
2.sæti	1,10	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson
3.sæti	1,05	Kristófer Máni Andrason
4-5.sæti	1,05	Már Óskar Bjarnason
4-5.sæti	1,05	Guðni Bóas Davíðsson

Kúluvarp 3kg

1,sæti	7,44	Bjarki Rafn Reynisson
3.sæti	6,06	Kristófer Máni Andrason
4.sæti	5,16	Már Óskar Bjarnason
5.sæti	4,83	Albert Hellsten Högnason
6.sæti	4,76	Styrkár Freyr Birgisson

60m grind

1.sæti	13,62	Guðni Bóas Davíðsson
2.sæti	14,22	Kristófer Máni Andrason
3.sæti	17,70	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson

Piltar 11 ára

60m hlaup

2.sæti	10,25	Axel Örn Aitken Sævarsson
--------	-------	---------------------------

5.sæti	10,88	Þorbjörn Sturluson
Hástökk		
2-3.sæti	1,05	Axel Örn Aitken Sævarsson
Kúluvarp		
2.sæti	7,17	Þorbjörn Sturluson Schacht
Langstökk		
4.sæti	3,43	Axel Örn Aitken Sævarsson
5.sæti	3,26	Þorbjörn Sturluson Schacht

Héraðsleikar HSK 3. apríl 2022

Frjálsíþróttahöll Selfoss

Þjótandi átti 18 keppendur á mótinu

Stúlkur 10 ára

Kúluvarp 2 kg

1. sæti	5,23	Lilja María Axelsdóttir
60m hlaup		
1. sæti	10,72	Lilja María Axelsdóttir
Langstökk		
1.sæti	3,15	Lilja María Axelsdóttir
Hástökk		
1.sæti	1,16	Lilja María Axelsdóttir

Piltar 10 ára

Hástökk

1.sæti	1,02	Kristján Reynisson
3. sæti	0,92	Jón Bragason
6. sæti	0,77	Baldur Ragnar Ragnarsson
60m hlaup		
1.sæti	10,19	Jón Bragason
2. sæti	11,70	Kristján Reynisson
3-4. sæti	12,03	Baldur Ragnar Ragnarsson
3-4.sæti	12,03	Óskar Hansson
Kúluvarp		
1.sæti	7,26	Baldur Ragnar Ragnarsson
2.sæti	6,65	Óskar Hansson
3.sæti	5,43	Jón Bragason
4.sæti	5,39	Kristján Reynisson
Langstökk		
1.sæti	2,81	Kristján Reynisson
2.sæti	2,50	Jón Bragason

Stúlkur 9 ára

Kúluvarp 2kg

1.sæti	5,46	Matthilda Sigurðardóttir
60m hlaup		
4.sæti	11,80	Matthilda Sigurðardóttir
Langstökk		
4.sæti	2,46	Matthilda Sigurðardóttir
Skutlukast		
1.sæti	8,51	Matthilda Sigurðardóttir

Stúlkur 8 ára og yngri

Skutlukast

1.sæti	9,69	Valgerður Björk Hlíðdal
6.sæti	6,45	Lilja Reynisdóttir
7.sæti	6,31	Ragnildur Sara Andradóttir
8.sæti	5,56	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

Langstökk

3.sæti	2,15	Lilja Reynisdóttir
4.sæti	2,03	Valgerður Björk Hlíðdal
5.sæti	1,86	Ragnildur Sara Andradóttir
8.sæti	1,68	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

60m hlaup

1.sæti	11,50	Valgerður Björk Hlíðdal
4.sæti	12,78	Ragnildur Sara Andradóttir
6.sæti	13,02	Lilja Reynisdóttir
7.sæti	13,45	Elín Dóra Þorsteinsdóttir

Piltar 8 ára og yngri

Langstökk

1.sæti	2,91	Arnar Alex Reynisson
3.sæti	2,74	Steinn Þorri Victorsson
8.sæti	2,30	Einar Hörður Haraldsson
9.sæti	2,27	Nikulás Tumi Ragnarsson
11.sæti	2,24	Guðmundur Marís Bjarkason
14.sæti	2,09	Magnús Búi Ágústsson
16.sæti	2,00	Páll Axel Axelsson
17.sæti	1,67	Kristján Þórarinn Andrason

60m hlaup

2.sæti	11,28	Arnar Alex Reynisson
3.sæti	11,43	Guðmundur Marís Bjarkason
5.sæti	11,65	Páll Axel Axelsson
7.sæti	11,80	Einar Hörður Haraldsson
8.sæti	11,86	Nikulás Tumi Ragnarsson

9.sæti	11,93	Steinn Porri Victorsson
16.sæti	13,54	Magnús Búi Ágústsson
18.sæti	14,05	Kristján Þórarinn Andrason
Skutlukast		
3.sæti	9,90	Páll Axel Axelsson
4.sæti	9,86	Nikulás Tumi Ragnarsson
5.sæti	9,81	Steinn Porri Victorsson
7.sæti	8,90	Arnar Alex Reynisson
10.sæti	6,88	Einar Hörður Haraldsson
11.sæti	6,84	Magnús Búi Ágústsson
12.sæti	6,81	Kristján Þórarinn Andrason
15.sæti	6,32	Guðmundur Marís Bjarkason

Tækjalisti Búnaðarfélagss Hraungerðishrepps

Staðsetning	Tæki	Verð	Eining
Litla-Ármót	Fjaðraherfi	3.500 kr	á ha
Ragnar	Plógur 5 skera	4.100 kr	á ha
848-2336	Skeljasandsgreifari	1.000 kr	á tonn
	Valtari	1.500 kr	á ha
	Flaghefill lyftutengdur	1.000 kr	á dag
Stóra-Ármót	Grjóttýnsluvél	12.000 kr	á klst
Höskuldur	Hnífatætari	4.500 kr	á ha
897-4766	Kornsáðvél	3.200 kr	á ha
	Hnífabrýnsluvél	Frítt	
	Haugsuga	25.000 kr	á dag
	Kerra, burðargeta 3,5 tonn	5.000 kr	á dag
Stóru-Reykir	Plógur 5 skera	4.100 kr	á ha
Geir	Hnífatætari	4.500 kr	á ha
690-8939	Flaghefill á grind	Frítt	
	Grassáðvél	2.400 kr	á ha
	Úðadæla	1.900 kr	á ha
	Snitttæki	Frítt	

Ath Öllum tækjum skal skila hreinum og smurðum

Fjör í Flóa
13-14.maí 2022
Fjölskyldu- og menningarhátíð í Flóahreppi

Föstudagur 13.maí

10:00 - 16:00 Ullarvinnslan Þingborg, opið hús

10:00 - 16:00 Gallerí Flói, Gamla Þingborg, opið hús ný myndverk verða til sýnis

10:00 - 12:00 Skrifstofa Flóahrepps opið hús kaffi á könnu

14:00 - 16:00 Leikskólinn Krakkaborg opið hús

13:00 - 17:00 Tré og list opið hús aðgangur kr.1000 meðan vorhátíð stendur og frítt fyrir börn. Tónlist í safninu og leiðsögn.

Einnig opið 14. og 15.maí sama dagskrá

14:00 -18:00 Gallerí Voli í Volatúni opið hús

Anna Gunnarsdóttir sýnir gler og leir, Þórdís Þórðardóttir sýnir silfursmíði og myndlist.

Vekjum athygli á Grjótgarðinum í Flóa staðsettur við Volatún, listamaður Lúdvík Karlsson Liston, gestir velkomnir að ganga um og skoða listaverkin.

18:00 - 19:30 Skálatjörn geita skoðun opið hús hjá Helenu Hólm á Skálatjörn verið velkomin að líta við.

19:45 Kvöldganga á bökkum Þjórsár

Mæting er í hlaðið á Ferjunesi 3, en gangan hefst kl. 20.

Frá Ferjunesi verður gengið að gamla bæjarstæðinu þar sem Ferjunes stóð fram til 1947, tóftirnar verða skoðaðar og útskýrðar. Gengið áfram að ánni og niður með henni að

tanganum þar sem á árum áður var fjölfarin ferjustaður, en Sandhólaferja er talin elsta lögferja landsins. Umsvif ferjunnar minnkuðu mikið við tilkomu Þjórsárbrúar en þó var þar ferjað

yfir í mörg ár eftir að brúin kom. Gamlar heimildir herma að afi Gunnars á Hlíðarenda hafi verið vegin við ferjuna þar sem

hann og annar maður rifust um hver ætti að vera fyrstur yfir. Hann var heygður austan megin árinna og var haugurinn

nefndur Sigmundarhaugur. Hefndarvíg gengu á milli þar til ættir þessa tveggja manna voru sameinaðar með hjónabandi

foreldra Gunnars á Hlíðarenda.

Gengið verður áfram sandinn og síðan veginn til baka, gangan er um 2,5 -3 kílómetrar. Að göngunni lokinni ætla Óli og

Ingjaldur í Ferjunesi 3 að opna skúrinn fyrir gestum og gangandi. Léttar veitingar í boði.

Laugardagur 14.maí

09:00 - 10:00 Yoga í Þjórsárveri, KarA yoga býður upp á mjúkt yoga flæði fyrir fólk á öllum aldri verið hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir. Nærandi stund fyrir daginn. Mætið tímanlega yoga hefst kl. 09:00

10:00 - 22:00 Félagslundur Sveitarstjórnarkosningar_

10:00- 16:00 Ullarvinnslan Þingborg, opið hús

11:00 -14:00 Gallerí Flói, Gamla Þingborg opið hús ný myndverk verða til sýnis

13:00 - 17:00 Tré og list opið hús aðgangur kr.1000 meðan á vorhátíð stendur og frítt fyrir börn. Tónlist í safninu og leiðsögn. *Einnig opið 15.maí sama dagskrá.*

11:00 - 17:00 Gallerí Voli í Volatúni Opið hús

Anna Gunnarsdóttir sýnir gler og leir, Þórdís Þórðardóttir sýnir silfursmíði og myndlist.

Vekjum athygli á Grjótgarðinum í Flóa staðsettur við Volatún, listamaður Lúðvík Karlsson Liston, gestir velkomnir að ganga um og skoða listaverkin.

14:00 -18:00 Hljómsveitaræfing opið hús í skemmuni/ Ásmundarsal í Ásahrauni við Ölvisholtsveg 303 en þar verður hægt að hlusta á afrakstur skemmtilegra æfinga seinnipart vetrar. Tónlistin sem hljómsveitin spilar er fjölbreytt allt frá harmónikkutónlist- poppi- til frægra tónverka. Léttar veitingar í boði.

12:00 – 17:00 Þingborg

Hinn margrómaði kökubasar og blómasala **kvenfélaganna** verður á staðnum ásamt nýbökuðum vöflum og kaffi. Sölubáasar verða á staðnum.

Ungmennafélagið mun halda utan um skemmtilega barnadagskrá- hoppukastalar, pannavöllur og andlitasmálning. Pylsusalan verður að sjálfsögðu á sínum stað.

Kökuskreytingakeppni Þjótanda fyrir 16 ára og yngri. Leyfilegt verður að keppa saman í liðum- *skráning og fyrirkomulag nánar auglýst síðar.*

Sýningin bækur og bakkelsi- Á sýningunni Bækur og bakkelsi eru handskrifaðar uppskriftabækur í aðalhlutverki. Uppskriftirnar í bókunum segja ótal margt um tíðaranda, tísku, aðgang að hráefni, nýtni og hagsýni. Einnig er saga baksturs rakin auk þess sem húsmæðrafræðsla á Suðurlandi er skoðuð. Uppskriftirnar á sýningunni voru valdar með það að leiðarljósi að kynna gesti fyrir gömlum aðferðum gegn matarsóun enda málefnið tíðrætt í fjölmiðlum þessa dagana.

Sýningin er unnin af Héraðsskjalasafni Árnesinga sem varðveitir einnig uppskriftarbækurnar.

Landbúnaðartækjasýningin verður glæsileg að vanda, sjón er sögu ríkari. Fergusonfélagið mun standa fyrir sýningu á gömlum dráttarvélum af öllum gerðum.

Kardemommubærinn - nemendur úr Flóaskóla syngja nokkur lög úr leiksýningunni sem þau hafa æft í vetur.

Tónafljóð flytur ævintýrlega Disney tónlistar syrpu fyrir gesti.

Skemmtigarðurinn mætir á staðinn með fullt skott af frábærri afþreyingu. Í boði verður klessubolti, úti lasertag og hoppukastalar. Ekki láta þetta framhjá þér fara! Skemmtun fyrir allan aldur!

Unnur Birna Bassadóttir leikur nokkur lög fyrir gesti

Laugardagskvöld

22:00 Þingborg– Tónahátíð í Flóahreppi - Kosningarvaka

Lifandi tónlist og léttar veitingar seldar á staðnum.

Uppbyggingarsjóður SASS styrkir verkefnið „Tónahátíð í Flóahreppi“.

Nánari tímasetningar verða auglýstar síðar ásamt fleiri viðburðum. Birt með fyrirvara um breytingar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Menningarnefnd Flóahrepps.



Fjör í Flóa– opin hljómsveitaræfing

Í tilefni af Fjör í Flóa ætlar hljómsveitin okkar sem ekkert nafn hefur fengið ennþá að bjóða gestum og gangandi að koma í Skemmuna/Ásmundarsal í Ásahrauni við Ölvisholtsveg 303 og hlusta á afrakstur skemmtilegra æfinga seinnipart vetrar. Hefjast herlegheitin kl. 14 og munu standa til kl 18. þann 14 maí. Tónlistin sem við spilum er allskonar frá harmónikkutónlist- poppi- til frægra tónverka.

Hljóðfæraskipunin réðist af því hvaða hljóðfæraleikarar mættu á fyrstu æfinguna en það voru: harmonikkur, hljómborð, bassi, þverflauta og saxafónn. Síðan er trommuleikari að bætast í hópinn og gæti verið að einhver muni hefja upp raust sína.

Hljómsveitarmeðlimir eru svona héðan og þaðan. Tveir búa í Flóanum, einn á Selfossi, einn á Hellu og restin í Reykjavík.

Þar sem ekkert nafn er komið á bandið datt okkur í hug að bjóða gestum að koma með tillögur að nafni og mun atkvæðakassi liggja frammi. Síðan er það bara sjálfsgagt að mæta með dansskóna og fá sér snúning.

Kaffi og gos í boði fyrir þá þyrstu og hver veit nema Ásahraunsbændur lumi á einhverju meðlæti.



Hljómsveitarmeðlimur á leið á æfingu

Myndir frá Skólahreysti



Myndir frá víðavangshlaupi



Framboðsfundur

Miðvikudaginn 11. maí 2022 kl. 20:30 verður sameiginlegur framboðsfundur Framfaralistans og XT í Flóahreppi í Félagslundi.

Fundarstjórn verður í höndum Haraldar Þórarinssonar.

Kaffiveitingar í boði frambjóðenda.

Dagskrá mánaðarins

Æfingar í Þingborg	3. maí
Æfingar í Þingborg	10. maí
Framboðsfundur Framfaralistans og XT í Flóahreppi	11. maí
Fjör í Flóa	13. maí
Fjör í Flóa	14. maí
Æfingar í Þingborg	17. maí
Vinnukvöld í Skagás	19. maí
Skólahreysti í Laugardalshöll	21. maí
Aðalsafnaðarfundur Hraungerðiskirkju	24. maí
Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarkirkju	24. maí

